



Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 3. febrúar 2022

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á hjúskaparlögum (aldur hjónaefna o.fl.). Þingskjal 165, 163. mál. (152. löggjafarþing)

Virðingarfyllt,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á hjúskaparlögum (aldur hjónaefna o.fl.).

Barnaheill þakka fyrir tækifærið sem þeim er veitt til að gera umsögn um ofangreint mál. Samtökin senda nú óbreytta umsögn um málið í annað sinn.

Samtökin fagna því að fram sé komin tillaga um að afnema undanþágu fyrir 18 ára aldurstakmarki fyrir að ganga í hjónaband. Með því eru gefin skýr skilaboð um að Ísland samþykki ekki barnahjónabönd sem stúlkur eru oft þvingaðar til. Barnahjónabönd eru meðal þeirra hefða sem að mati Barnaheilla þarf að afnema til verndar mannréttindum barna, sbr. 3. mgr. 24. gr. Barnasáttmálans.

Almennt séð er erfitt að ímynda sér í nútímasamfélagi að þörf gerist á því að veita börnum undanþágu frá 18 ára aldursmarkinu svo þau geti gengið í hjónaband, tímarnir hafa breyst og samfélagsviðhorfin líka. Samkvæmt upplýsingum frá Dómsmálaráðuneytinu voru veittar alls 18 undanþágur frá aldursskilyrðinu frá árinu 1998 til 2019, vegna barna á aldrinum 16-17 ára, eins og fjallað er um í greinargerð með frumvarpinu. Þar af voru 17 vegna stúlkna og 1 vegna drengs. Af þessum tölum má ráða að fjöldinn er ekki slíkur að réttlæti það að halda inni undanþágu frá 18 ára aldursskilyrðinu, sem gæti orðið til þess að barn yrði þvingað í hjónaband á Íslandi eða að hér á landi væri hægt að leita skjóls og samþykkis fyrir mögulegu nauðungarbarnahjónabandi.

Að mati Barnaheilla hefði verið gagnlegt að taka fram í greinargerð hvaða hagsmunir af því að samþykkja hjónaband sem hefði verið stofnað til erlendis af einstaklingi sem hefði verið innan við 18 ára myndu þykja svo ótvíræðir að þeir réttlættu að veitt væri undanþága frá meginreglunni um að ekki skuli viðurkenna hjónabönd nema einstaklingar hafi verið 18 ára eða eldri þegar til þess var stofnað. Það er afar mikilvægt að sú undanþáguheimild sem kveðið er á um í frumvarpinu verði aðeins nýtt vegna brýnnar nauðsynjar sem þó er að mati Barnaheilla ekki skýrt í hverju fælist, ef það verður að lögum.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi vinna að bættum mannréttindum barna og leggja sérstaka áherslu á rétt barna til verndar gegn hvers kyns ofbeldi og misbeitingu eins og hann birtist í Barnasáttmálanum.

Til upplýsinga: Skýrsla Barnaheilla – Save the Children frá 2018: [Working Together To End Child Marriage.](#)